Fundur 28.9.2026 Anýja frá Serbíu var uppi fyrir meira en 600 árum.

Góða kvöldið.

Góða kvöldið.

Kærleikur Guðanna hjálpi mér og fylli alla þá sem á mig hlusta og er ég einnig með hugann við minn gamla Guð sem ég tignaði svo lengi og vona að allir þeir sem studdu hann og voru með mér á lífsleiðinni hafi fundið réttu leiðina og hjálpi til við að tala í gegnum geimdjúpið og er ég svo innilega ánægð með að fundið við höfum rætur okkar í framlífi og tók það mig langan tíma og hef ég með hverri einustu jarðvist komist lengra í að sameina þjóð mína og tengjast þeim samtökum sem annara af minni þjóð sem nær hafa komist uppruna okkar og sem tekist hefur að eiga friðsamleg samskipti við nágranna þjóðirnar, en engu að síður hafa staðið fastir og ákveðnir á því hvað það þýðir að tilheyra okkar þjóðerni en ekki tilheyra öðrum þjóðum og þjóðarbrotum sem komið hafa saman í landi okkar og eiga þátt í okkar merkilegu sögu.

Það er svo merkilegt hvernig einstaklingurinn getur í einu framlífi af öðru styrkt sjálfan sig sjálfsmynd sína betur og hef ég þó hitt marga sem öfugt er farið um sem annað hvort hafa talað til okkar þjóðar í stjörnusambandsstöð okkar, eða verið gestir á þessu heimalandi okkar á þessum hnetti og sem lýst hafa annari lífsreynslu og sem hafa sundrast og dreifst eftir því sem á framlífin hefur liðið og sem ekki hafa fundið rætur sínar og sína forfeður og formæður og Guði þá sem upphaflega skópu þau.

Held ég fast í bernskuminningar mínar og minningar þær sem ég eignaðist á frumlífs jörðinni ykkar og var það gott fólk sem kenndi mér að halda fast í þær minningar til að halda í rætur mínar og finna uppruna minn og þjóðar minnar.

Var það þannig að ég lenti á verri stað á fyrstu tveimur framlífs hnöttum mínum og þurfti að læra og þroskast og vinna bug á ýmsum vandamálum í geði mínu og félagssamskiptum við aðra og losna út úr kirkjutrúnni kristinni og taka upp önnur trúarbrögð heiðin og finna fortíðina okkar þjóðar og tóks að lokum, en það sem varð mér til, erfiðleikar í frumlífinu á jörðinni urðu til þess að móta lífshlaup mitt síðar meir og lífsskoðanir, þar sem ég hef alla tíð barist gegn þeim aðferðum sem ég var beitt í frumlífi, refsað fyrir að eignast börn utan hjónabands og deyja í einsemd og undir sársaukafullum kringumstæðum.

Og hef hjálpað konum og körlum, börnum og ungmennum, eldra fólki að losna undan dómhörku samfélagsins og fyrirgefa sjálfum sér og öðrum.

Vann við það í fjórða og fimmta framlífi mínu og lengi eftir það að taka á móti (afsakið sambandið er að rofna) taka á móti konum, unglingsstúlkum og konum sem höfðu kallað á sig fordæmingu samfélagsins fyrir að brjóta reglur kirkjunnar utan hjónabands, lauslæti og slíkt og á langa sögu að baki að hjálpa fólki í þeim aðstæðum, var uppi á miðöldum Anýja heiti ég.

Blessuð, hvers lends ?

Serbnesk, næ því miður ekki að lýsa, það er svo ótalmargt hægt að segja frá, ég vona að þið skynjið kærleika minn til ykkar og Guðirnir okkar sem ég get ekki nefnt með nafni, eru að hjálpa ykkur einnig og heita þeir nöfnum sem ekki voru skráð í mannkynssögunni, en vona að þið skynjið kærleikann frá mér, var uppi fyrir meira en 600 árum, verið þið sæl og vona að ég komist síðar.

Þakka þér fyrir komuna og óska þér alls hins besta.

Já takk fyrir.